




Fornleifaskráning vegna
deiliskipulags í landi Laugarvatns,
Laugardalshreppi



Bjarni F. Einarsson
Maí 1999



Mynd 1. Staðsetning hins kannaða svæðis við Laugarvatn.

Að beiðni Odds P. Hermannssonar, landslagsarkitekts á teiknistofunni Landform á Selfossi, kannaði undirritaður landspildu austur af Laugarvatni í tengslum við vinnu að deiliskipulagi á svæðinu. Spildan er ca. 230 - 320 x 1100 m stór, eða ca. 308 000 fermetrar.

Svæðið er að miklu leiti gróin mýri og votlendi með einni undantekningu sem er áberandi hóll, eða öllu heldur hólar, vestanvert á svæðinu. Hóllinn heitir Einbúi (sjá mynd á forsíðu) og er mjög þéttvaxinn birki og einstaka grenitrjám.

Farið var í gegn um helstu heimildir svo sem *Sýslu- og sóknarlýsingar*, *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, *Frásögur um fornaldarleifar*, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* og heimildir á Örnefnastofnun. Hvergi var getið um fornleifar á spildunni.

Í Ársriti Nemendasambands Laugarvatsskólans árið 1935 er getið um gamalt býli nálægt hinu kannaða svæði er hét Bullunga. Á það að hafa staðið kippkorn austur af barnaskólanum. Við vettvangskonnnun fundust leifar býlisins, eina 80 – 90 m austur af skólanum og 12 m suðaustur af hellulögðum gangstíg. Rústirnar voru ekki skráðar, en þó voru þær GPS mældar og stafræn ljósmynd tekin (sjá mynd nr. 2). Staðsetning Bullungu er N 64°13.06 W 020°43.49. Skekkjan er innan við 15 metra. Bullunga hefur verið kotbýli frá Laugarvatni og nafnið væntanlega vísað til bullandi uppspretta í mýrinni og næsta nágrenni.



Mynd 2. Rústir kotbýlisins Bullungu. Ástand rústanna er ágætt og þær eru fallegar. Giska ég á að þær séu frá 18. öld. Fleiri rústir fundust ekki við stutta skoðun, en einhverjar hljóta að leynast í næsta nágrenni rústanna. Horft til NV. Ljós. B.F.E.

Öll spildan var könnuð á vettvangi og gengið úr skugga um hvort hún geymdi fornleifar eða ekki. Niðurstaðan var sú að tvær fornleifar fundust suðaustanvert í Einbúa (sjá meðfylgjandi kort og fornleifaskrá hér að neðan). Fornleifarnar eru sennilega báðar leifar af fjárborgum, en slíkar borgir voru yfirleitt hringlaga byggingar sem stundum voru hlaðnar upp í strýtu. Þeim var ætlað að vera skjól fyrir fénaðinn þegar honum var beitt á landið. Fjárborgir eru tiltölulega algengar í Árnessýslu (20 st.), sérstaklega á sunnanverðu Reykjanesinu, vestur af ósum Ölfusár (13 st.). Engin fjárborg var þó þekkt í Laugardalshreppi fyrir könnunina. Næstar eru leifar af fjárborg á Borghólum við Skálholt (Þorvaldur Friðriksson 1982:31).

Þessar fornleifar sem nú fundust eru friðaðar skv. Þjóðminjalögum eins og allar rústir og mannvirki sem eldri eru en 100 ára. Þeim má ekki spilla á neinn hátt og þær má ekki heldur hylja né breyta. Í þessu sambandi má benda á að trjárækt á hólum gæti orðið að vandamáli. Verði ekki komist hjá raski á fornleifunum, vegna framkvæmda, þarf leyfi fornleifanefndar og Þjóðminjasafn Íslands setur skilmálana.

Byggð vestan, norðan og austan við Einbúa mun ekki spilla fornleifunum á hólnum. Aukin umferð manna gæti þó leitt af sér óæskilegan átroðning þegar til lengdar lætur. Við skipulagningu svæðisins má sennilega komast hjá þessu.

Heimildir:

- Ársrit Nemendasambands Laugarvatnsskólans 1935. „Örnefni í Laugarvatnslandareign.“ Skrifað af Böðvari Magnússyni 1935. Reykjavík 1935.
- Sigurður Kristinsson. „Bújörðin Laugarvatn.“ *Árnesingur* 1990.
- Þorvaldur Friðriksson. *Keltiska hustyper på Island*. Göteborgs universitet. Institutionen för arkeologi. C-uppsats VT 1982.
- Óútgefin fil. kand. ritgerð við Háskólann í Gautaborg 1982.

Fornleifaskrá Laugardalshrepps

Aðalnr.

1

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Laugardalshreppur

Tákntala

8712

Landareign

Laugarvatn

Nr

-

Heiti

Undirnr.

1-2

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 64°13.16 W 020°43.27

M.y. sjó

-

Skekkja

<15 m

Tegund minja

Rústir

Fjöldi

2

Hættumat

Skógur

Hætta

Lítill

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

6,5 '99

Friðlysa?

Nei

Friðlyst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Rústirnar eru á hól einum er Einbúi heitir, sem er í Einbúamýri við Laugarvatnið norðaustanvert. Hóllinn er u.þ.b. 150 m SA af þjóðveginum. Skóg- og mýrlendi.

Heimildir og munnmæli

Ársrit nemendasambands Laugarvatsskólans 1935. „Örnefni í Laugarvatnslandareign.“ Skrifað af Böðvari Magnússyni 1935. Reykjavík 1935. Sigurður Kristinsson. „Bújörðin Laugarvatn.“ Árnesingur 1990.

Lýsing

Rústir.

Rústirnar eru á ca. 20 x 60 m stóru svæði, í suður hluta hólins Einbúa.

Þær eru annarsvegar á hæsta punkti hólins (nr. 1) og svo nokkuð austar í dálítilli kvos á milli hæsta punktsins og hryggs sem er á hólnum norðanverðum (nr. 2). Athyglisvert er að rústirnar eru nánast alveg eins að stærð og lögun. Báðar eru þær að auki ógreinilegastar í austurhlutanum (dýr?).

Hugsanlega eru rústirnar fjárborgir frá Laugarvatni. Eins gætu rústirnar verið út frá kotbýlinu Bullungu, sem stendur ca. 80 - 90 m austur af barnaskólanum. Staðsetning þeirra er: N 64°13.06 W 020°43.49. Rústir Bullungu eru vel sýnilegar og í góðu ástandi (sjá mynd í skýrslu).

Fjárborgir voru yfirleitt dágóðan spöl frá býlunum og ekki ósjaldan nálægt landamerkjum (eins og tilfellið er hér), svipað og háttar oft með beitarhús.

Teikning

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./ teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Rústa á Einbúa er hvergi getið í heimildum, hvorki þeim sem vísað er í hér að ofan (þar kemur örnefnið Einbúi kemur), né öðrum heimildum sem kannaðar voru. GPS mæling staðarins miðast við rúst 1, eða efsta punktinn á hólnum. Örnefnið Einbúi er einnig til syðst á Laugarvatnsvöllum. Þar er klapparhóll með nafninu.

Fornleifaskrá Laugardalshrepps

Aðalnr.

1

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Laugardalshreppur

Tákntala

8712

Landareign

Laugarvatn

Nr

-

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 64°13.16 W 020°43.27

M.y. sjó

-

Skekka

<15 m

Tegund minja

Rúst

Fjöldi

1

Hættumat

Skógur

Hætta

Lítill

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

6,5 '99

Friðlysa?

Nei

Friðlyst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Efst á grasi grónum hól, Einbúa, ca. 210 m SA af þjóðvegi. Hóllinn er birki klæddur (einstaka grenitré). Hann er einnig þýfður og talsverð sína í honum. Skóglendi.

Heimildir og munnmæli

Sjá höfuðblað.

Lýsing

Rúst.

Hringlaga, ca. 10 - 12 m í þvermál. Veggir eru úr grjóti (og torfi?), 2 - 3 m breiðir og 0,4 - 0,6 m háir. Fallnir og ógreinilegir.

Engar dyr sjást á rústinni, en gætu hafa snúið mót N. Austur hluti rústarinnar er mun ógreinilegri en sá vestari.

Rústin er vel gróin og þýfð. Hún er einnig vaxin birki, þó ekki eins þétt og næsta umhverfi hennar. Í rústinni austanverðri mótar fyrir holu, ca. 1,5 m í þvermál og 0,6 m djúpri (seinni tíma gröftur?).

Ca. 30 m NNA af rúst 1) er rúst 2).

Teikning



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./ teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Þó gróður hafi ekki verið kominn á stað þegar vettvangskonnnun fór fram þann 4. maí 1999, bendir hann til þess að um býsna gamla rúst sé að ræða, allavega 200 - 300 ára. Ljósmyndin sýni SV-hlutann frá V.

Fornleifaskrá Laugardalshrepps

Aðalnr.

1

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Laugardalshreppur

Tákntala

8712

Landareign

Laugarvatn

Nr

-

Heiti

Undirnr.

2

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 64°13.18 W 020°43.26

M.y. sjó

-

Skekkja

<15 m

Tegund minja

Rúst

Fjöldi

1

Hættumat

Skógur

Hætta

Lítill

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

-

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Já

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

6,5 '99

Friðlysa?

Nei

Friðlyst?

Nei

Hvenær

-

Lega og staðhættir

Á hólnum Einbúa, ca. 190 m SA af þjóðvegi. Í grasi grónni og birkivaxinni kvos í hólnum austanverðum. Hólinn er þýfður og talsverð sina í honum. Skóglendi.

Heimildir og munnmæli

Sjá höfuðblað.

Lýsing

Rúst.

Hringlaga, ca. 10 - 12 m í þvermál. Veggir eru úr grjóti (og torfi?), 1,5 -2 m breiðir og 0,3 - 0,6 m háir. Fallnir og ógreinilegir.

Engar dyr sjást á rústinni.

Austur hluti rústarinnar er mun ógreinilegri en sá vestari.

Rústin er vel gróin og þýfð. Hún er einnig vaxin birki, þó ekki eins þétt og næsta umhverfi hennar.

Teikning

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./ teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Sjá athugasemdir við rúst 1). Ljósmyndin sýnir SV - hlutann frá A.